

D Ó M U R

Héraðsdóms Austurlands fimmtudaginn 9. febrúar 2012 í máli nr. S-78/2011:

Ákærvaldið

(Kolbrún Benediktsdóttir saksóknari)

gegn

A

(Bjarni G. Björgvinsson hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 12. janúar sl., er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, útgefinni 12. ágúst 2011, á hendur A, [kt. heimili], „fyrir kynferðislega áreitni en til vara brot gegn blygðunarsemi, með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 22. maí 2011, að [...], farið inn í svefnherbergi B, þar sem hún lá í rúmi sínu, strokið fætur hennar, maga, rass og bak utan klæða og nokkru síðar káfað á kynfærum hennar innanklæða.“

Í ákæruskjali er brot ákærða talið varða við 199. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara við 209. gr. sömu laga og er þess þar krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Af hálfu ákærða er þess krafist að hann verði sýknaður af bæði aðal- og varakröfu ákærvalds, en ella dæmdur til vægustu refsingar sem lög leyfa. Þá er þess krafist að allur sakarkostnaður, þar með talin hæfileg málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, verði greidd úr ríkissjóði.

I

Samkvæmt frumskýrslu lögreglustjórans á [...], dags. 24. maí 2011, fór rannsóknarlögreglumaður að heimili brotþola, B, vegna tilkynningar um kynferðisbrot, sunnudaginn 22. maí s.á., kl. 13:18. Í skýrslunni er frásögn B rakin og kemur þar fram að hún hafi verið að skemmta sér um nóttina ásamt þremur vinkonum sínum á [...] og hitt þar m.a. ákærða. Ákærði og félagi hans hafi síðan slegist í för með henni og tveimur vinkvenna hennar að heimili hennar, þar sem hún hafi matreitt pizzu á meðan vinkonur hennar hafi ræðst við í eldhúsinu en mennirnir setið í sófa í stofunni. Að því loknu hafi hún dregið sig í hlé inn í herbergi og reynt án árangurs að ná símasambandi við sambýlismann sinn. Hún hafi þá tekið inn eina töflu af kvíðastillandi lyfi, Alprazolam Mylan 0,5 mg, lagst alklædd ofan á rúmið og sofnað. Í gegnum svefninn hafi hún síðan orðið vör við það að einhver væri að strjúka henni. Viðkomandi hafi ekkert sagt en af lyktinni af honum hafi henni verið

ljóst að um ákærða væri að ræða. Henni hafi virst sem hann væri að leita leiða til að komast inn fyrir föt hennar. Hún hafi verið milli svefns og vöku og upplifað að hún gæti ekki gert eða sagt neitt. Hann hafi farið en síðan komið aftur og þá hafi hún í gegnum svefninn fundið hann meðal annars fara með hendi í klop hennar innanklæða. Þá hafi hún náð að rífa sig upp í gegnum svefninn, öskrað á hann, tekið sæng sína og farið yfir í barnaherbergi andspænis hjónaherberginu, ásamt hundi sínum. Þetta hafi verið um 5-6 leytið að morgni að því er hún telji. Er hún hafi vaknað að nýju um kl. 9:30 hafi ákærði sofið fullklæddur í sófa í stofunni. Hafi hún þá lokað sig inni í hjónaherberginu með því að stilla skúffu úr fataskáp fyrir hurðina, sem ekki sé hægt að læsa. Þá hafi hún heyrt einhvern umgang og síðan heyrt ákærða yfirgefa húsið.

Í frumskýrslu lögreglu greinir að hald hafi verið lagt á fatnað sem B hafi vísað á sem þann fatnað sem hún hafi klæðst um nóttina. Liggur fyrir í málinu skýrsla um haldlagningu fatnaðarins, sem og upplýsingaskýrsla lögreglumanns um að ekki hafi þótt ástæða til að rannsaka fatnaðinn með tilliti til lífsýna þar sem ákærði hafi viðurkennt að hafa snert brotþola. Í frumskýrslu lögreglu kemur einnig fram að ekki hafi verið talin ástæða til þess að B undirgengist læknisskoðun með hliðsjón af frásögn hennar og þar sem hún hafi verið búin að baða sig áður en lögregla kom á vettvang. Þá liggja fyrir ljósmyndir teknar á vettvangi, heimili B.

B lagði fram kæru hjá lögreglu 23. maí 2011 og gaf þá jafnframt skýrslu vegna málsins.

Í málinu liggja fyrir gögn, útprentuð af veraldarvefnum, með upplýsingum um eiginleika og verkun lyfsins Alprazolam Mylan 0,5 mg. Þá liggur fyrir matsgerð dómkvadds matsmanns um mat á samverkandi áhrifum lyfsins og áfengis á brotþola umrædda nótt, sem nánar verður vikið að síðar.

Loks liggur fyrir í málinu vottorð hjúkrunarfræðings í áfallateymi [...], dagsett 24. maí 2011, þar sem fram kemur að B hafi leitað sér hjálpar vegna „árásar og nauðgunartilraunar“. Kemur fram m.a. í vottorðinu að B hafi verið í miklu uppnámi og greinilega liðið illa. Hún hafi sagt frá reynslu sinni og fundist það erfitt en jafnframt ákveðinn léttir. Hún hafi fundið fyrir miklum streituvíðbrögðum eftir atburðinn, en fyrir hafi hún sögu um kvíða sem hún hafi þó náð að halda í skefjum. Er í vottorðinu lýst nánar frásögn B um líðan sína og ráðleggingum og upplýsingum sem henni hafi verið veittar.

II

Að ósk ákærvaldsins var hinn 15. nóvember 2011 dómkvaddur sem matsmaður Magnús Jóhannesson, sérfræðingur í lyflækningum og prófessor við læknadeild Háskóla Íslands, til þess að leggja mat á áhrif þess á andlegt og líkamlegt ástand B, að aðfaranótt 22. maí 2011 hafi hún innbyrt nokkurt magn áfengis og 0,5 mg af lyfinu Alprazolam Mylan. Nánar tiltekið var þess óskað að matsmaðurinn svaraði eftirgreindum spurningum:

„1. Lagt verði mat á það hvaða áhrif það hafði á ástand B að taka inn 0,5 af lyfinu Alprazolam Mylan eftir að hafa drukkið eitt hvítvínsglas, tvo hálf líters

þjóra og þrjú skot af Opal líkjör. Lagt verði mat á hvort áfengisneysla B jók sefandi áhrif lyfsins og einnig hvort fram hafi komið sjaldgæfar aukaverkanir lyfsins á miðtaugakerfi hennar, s.s. æsingur, árásargirni, ofskynjanir og minnisskerðing. Þá verði metið hvort magn lyfsins og þess áfengis sem B neytti gæti nægt til að um ofskömmtun lyfsins hafi verið að ræða.

2. Lagt verði almennt mat á þýðingu þess að drekka áfengi ofan í töku á Alprazolam Mylan, þ.e. metnar verði líkur á því að sefandi áhrif lyfsins aukist og einnig verði metnar líkur á því að fram komi sjaldgæfar aukaverkanir á miðtaugakerfi s.s. æsingur, árásargirni, ofskynjanir og minnisskerðing. Loks verði lagt almennt mat á það hversu mikið magn af lyfinu þarf að taka til að um ofskömmtun sé að ræða og hvort neysla áfengis hafi áhrif á það magn.“

Í matsgerð hins dómkvadda matsmanns, dags. 30. desember 2011, er greint svo frá forsendum hans og svörum við framangreindum spurningum:

„Málsatvik eru í stuttu máli þau að kærandinn, B [kt.] var í gleðskap með öðru fólki aðfaranótt 22. maí 2011. Hún segist hafa neytt áfengis á tímabilinu á að giska 11:30 til 03:30. Um var að ræða eitt hvítvínsglas og eitt skot af epla snafsi fyrir eða um miðnætti en þá var haldið á [...] þar sem hún drakk tvo 500 ml þjóra og 3-4 skot af Opal snafsi. Samkvæmt þessu má áætla að heildarmagn áfengis sem hún drakk þessa nótt hafi numið 70-90 g af hreinum vínanda (etanóli) sem dreifðist á 3-4 klst. Hún segist ekki hafa drukkið áfengi eftir að hún kom heim til sín um kl. 03:30. Miðað við konu í eðlilegum holdum (ekki liggja fyrir upplýsingar um líkamspýngd) og dreifingu þessarar áfengisneyslu á 3-4 klst. er ekki við því að búast að áfengismagn í blóði hafi farið mikið yfir 1%. Við þetta áfengismagn má búast við að konan hafi fundið fyrir talsverðum áfengisáhrifum án þess að vera verulega drukkin og kemur þetta vel heim við lýsingu hennar. Þetta passar líka ágætlega við það að hún bakaði pizzu handa gestum sínum eftir komuna heim til sín um kl. 03:30. Samkvæmt þessu var konan ekki undir verulegum áfengisáhrifum þessa nótt og þau áhrif hafa verið farin að dvína þegar hið kærða atvik átti sér stað en giska má á að það hafi gerst um kl. 05:30. Um kl. 04:30 fór konan inn í svefnherbergi sitt og lagði sig eftir að hafa tekið inn eina 0,5 mg töflu af lyfinu Alprazolam Mylan. Konan tók lyfið vegna kvíða, það kemur fram að hún var vön þessu lyfi og tók þá ýmist 0,25 mg eða 0,5 mg í senn. Ekki kemur fram hvort hún notaði lyfið daglega en hér skiptir miklu máli að hún var vön lyfinu og þekkti verkanir þess. Ekki var um mjög stóran skammt að ræða vegna þess að við kvíða eru gefnir skammtar allt að 3 mg á dag (1 mg í einu, þrisvar á dag) og í vissum öðrum tilvikum eru gefin allt að 6 mg á dag (2 mg í einu, þrisvar á dag). Lyfið alprazolam tilheyrir flokki bensódíazepína sem eru róandi og kvíðastillandi en eitt elsta og best þekkta lyfið af þeim flokki er díazepam (Valium). Öll lyfin af þessum flokki hafa samverkun við áfengi sem lýsir sér þannig að lyfin hafa kröftugri verkun ef áfengi er til staðar í líkamanum. Áfengi breytir hins vegar ekki eðli þessarar verkunar lyfsins heldur gerir hana kröftugri. Þetta kemur allt vel heim við lýsingu konunnar sem man allt sem gerðist og gefur greinargóða lýsingu á atvikum; hún lýsir því einmitt að það að taka lyfið ofan í áfengi hafði kröftugri verkun en hún var vön. Í lýsingu hennar er þó hvergi að finna nein merki um eitruverkun eða þversagnakennd viðbrögð en það fyrsta sem búast mætti við er minnisleysi, en hún man allt og gefur greinargóða lýsingu á atburðum þessarar nætur. Tekið skal fram að þversagnakennd viðbrögð eins og æsingur, árásargirni og ofskynjanir eru ákaflega sjaldgæf og koma sjaldan fyrir nema við ofskömmtun eða eitrun af

völdum þessara lyfja.

Þekkt eru nokkur atriði sem auka líkur á þversagnakenndum viðbrögðum eftir töku lyfja af þessum flokki en þau eru: Aldur undir 18 eða yfir 65 ára, verulegir námsörðugleikar, hrörnunarsjúkdómur í heila, persónuleikaröskun (einkum þeir sem missa stjórn á skapi sínu), alvarlegur geðsjúkdómur (geðrof, þunglyndi, geðhvarfasýki). Ekki verður séð af meðfylgjandi gögnum að neitt af þessu eigi við um konuna.

Svör við spurningum saksóknarans.

1. Telja má víst að B hafi verið undir allnokkrum áhrifum áfengis og lyfsins alprazolams þegar kærða atvikið átti sér stað enda eykur áfengi áhrif þessa lyfs. Eins og lýst er hér að ofan er hins vegar ekkert í gögnunum sem bendir til þess að þessi áhrif hafi verið þversagnakennd eða að um ofskömmtnun eða eitrun hafi verið að ræða. Hún man atburði næturinnar og greinir skilmerkilega frá öllu og ég tel ekki ástæðu til að efast um frásögn hennar á grundvelli ölvunar af völdum áfengis og lyfsins alprazolams.

2. Almennt gildir að áfengi eykur verkanir alprazolams eins og annarra lyfja af sama lyfjaflokki þ.e. bensódíazepín lyfja og í fylgiseðlum er varað við neyslu áfengis samhliða notkun þessara lyfja. Hér skiptir máli magn í líkamanum bæði af áfengi og viðkomandi lyfi. Einnig skiptir miklu máli hvort viðkomandi einstaklingur er vanur lyfinu. Viðbrögð við þessum lyfjum eru þar að auki talsvert einstaklingsbundin. Þversagnakenndar aukaverkanir eins og ofskynjanir og árásargirmi eru ákaflega sjaldgæfar, ekki er vitað hve oft þær koma fyrir og skiptar skoðanir eru um hvort þær séu háðar skömmtnum þó svo að ýmislegt bendi til að þær komi frekar eða jafnvel einungis fyrir við ofskömmtnun. Samkvæmt þeim gögnum sem fyrir liggja í þessu máli þarf miklu meira magn af áfengi og lyfinu til að valda eitrun; til að valda hættulegri eitrun gæti þurft a.m.k. helmingi meira áfengi en í tilvikinu sem um ræðir ásamt 5-10 sinnum hærri skammti af lyfinu alprazolam.“

III

Hér verða framburðir ákærða og vitna fyrir dómi raktir eftir því sem þurfa þykir og eftir atvikum getið um framburð þeirra hjá lögreglu.

Ákærði kvaðst fyrir dómi hafa hitt B á skemmtistað umrædda nótt, en þau B séu vel kunnug hvort öðru. Þau hafi setið við borð ásamt fleirum og dansað, auk þess sem þau hafi spjallað saman tvö í trúnaði. Á skemmtistaðnum hafi hann drukkið bjór og skot og verið orðinn nokkuð ölvaður. Síðar um nóttina hafi hann gengið heim til B, ásamt fleirum, þar sem boðið hafi verið upp á bjór og koníak og kvaðst hann minnst þess að hafa drukkið vel af koníakinu. Hann hafi setið þar í stofu og spjallað við féлага sinn, C og eitthvað við B. B hafi matreitt og boðið gestum upp á pizzu. Ákærði kvaðst þarna hafa verið orðið töluvert ölvaður og telja að hann hafi dottað í stofunni. Hann hafi síðan þurft að nota salerni og farið í því skyni inn svefnherbergi B, en B hafi fyrr um nóttina vísað honum á salerni inn af svefnherbergi hennar þar sem salerni frammi á ganginum hafi verið upptekið.

Ákærði kvaðst ekki minnst þess að hafa orðið var við neitt fólk í húsinu á þessum tímavarki og kvaðst telja að C hafi verið farinn. Aðspurður um minni sitt frá atburðum kvaðst ákærði ekki muna atburði í smáatriðum og ekki gera sér grein fyrir hve langur tími leið frá því að hann spjallaði síðast við B frammi þar til hann fór inn í svefnherbergi hennar, en halda að hann hafi dottað í millitíðinni.

B hafi legið í rúminu með lokuð augun á hliðinni er hann hafi komið inn í svefnherbergið. Hann kvaðst ekki muna hvort hún hafi legið ofan á sænginni eða undir henni. Aðspurður kvaðst hann ekki minnst þess að hún hafi sýnt nein viðbrögð er hann kom inn. Ákærði kvaðst hafa notað salernið eins og til stóð, en síðan kropið við hlið hennar þar sem hún lá í rúminu, lagt hönd á öxl hennar og spurt hvernig henni liði. Aðspurður hvort hann hafi þá vakið hana, sagði ákærði hana hafa verið sljóa og hann hafi ekki hrist hana til að vekja hana eða neitt slíkt, en spjallað við hana. Aðspurður hvað þau hafi spjallað um sagðist ákærði hafa vitnað í samtöl þeirra fyrir um kvöldið. Hann hafi spurt hvort hann mætti leggjast hjá henni, því hann hafi verið þreyttur. Hún hafi játað því með lokuð augun. Hún hafi legið á hliðinni og snúið að þeirri brún rúmsins sem sé næst baðherberginu en hann hafi lagst í mitt rúmið, fyrir aftan hana. Ákærði kvaðst ekki muna sérstaklega hvað gerðist þarna í rúminu en sagðist telja að hann hafi sýnt henni blíðuhót. Beðinn að lýsa þeim blíðuhótum sagðist ákærði telja að hann hafi tekið utan um hana og strokið henni, niður handlegg og niður læri, en eftir þessu myndi hann þó ekki svo gjörlla. Hann hafi talið sig vera þarna í fullu samþykki B.

Aðspurður hvort einhver samdráttur hafi verið á milli þeirra B þessa nótt eða áður, svaraði ákærði því til að það hafi aldrei verið neitt kynferðislegt á milli þeirra, en þau séu bæði létt í skapi og framkomu og hafi dansað saman og skemmt sér þarna um nóttina. Hann kvaðst ekki hafa velt því fyrir sér hvort til einhvers kynferðislegs gæti komið á milli þeirra og ekki hafa haft neinn ásetning til slíks. Ákærði sagði ekkert annað hafa vakað fyrir sér, er hann lagðist upp í rúm hjá B, en að sýna henni hlýju, í framhaldi af trúnaðarsamtali sem þau hafi átt fyrir um nóttina. Hann tók jafnframt fram að hann hafi ekki verið til neinna stórræða, sökum ölvunar, Aðspurður hvers vegna hann hafi lagst upp í rúm hjá konu sem hann vissi að væri í sambúð, tók ákærði fram að B hafi sagt honum fyrir um nóttina að sambúð hennar væri lokið.

Ákærði kvaðst ekki muna glöggst hvar hann hafi strokið B, en minnst þess að hafa tekið utan um hana og „sýnt henni einhver blíðuhót“. Aðspurður kvaðst hann ekki geta útilokað að hafa strokið yfir rass, maga og brjóst hennar utan klæða, en kvaðst fullviss um að hann hefði minnst þess ef hann hefði snert kynfæri hennar innan klæða. Þau hafi bæði verið fullklædd.

Aðspurður um ástand B og hvort hún hafi verið vakandi eða sofandi á meðan ákærði sýndi henni blíðuhót sagðist ákærði telja hana hafa verið í „svipuðu ástandi“ og hann sjálfur. Áður en hann lagðist upp í rúmið hjá henni hafi hann kropið við hlið rúmsins og spjallað við hana, spurt hana hvort henni liði illa og hvort allt væri í lagi. Honum hafi fundist hann fá svörun frá henni og því talið hana vakandi. Nánar lýsti ákærði því svo að B hafi legið á hliðinni með lokuð augun, en svarað spurningum hans játandi og neitandi með orðum. Hún hafi legið á brún rúmsins og á einhverjum tímavarki hafi hún oltið út á gólf, líklega vegna þess hve þétt hann hafi legið upp að henni. Þau hafi bæði brosað því þetta hafi verið hálf kjánalegt og B síðan lagst aftur upp í rúmið hjá honum.

Það næsta sem ákærði kvaðst muna sé að B hafi staðið á gólfinu og gefið frá sér hljóð. Hann sagðist ekki muna hvað hafi verið að gerast rétt áður en hún rauk á fætur, en gera ráð fyrir því að hann hafi verið að sýna henni blíðuhót. Hún hafi gripið með sér rúmteppi eða sæng og rokið fram úr herberginu með hurðaskellum. Við þetta hafi ákærði hrokkið við og áttað sig á því að hann væri í einhverjum aðstæðum sem hann skildi ekki en sem væru honum ekki þóknanlegar. Nánar aðspurður um þær aðstæður vísaði ákærði til þess að hann hafi áttað sig á því að hann hefði verið í rúmi með annarri konu en sinni eigin. Hann hafi gert sér grein fyrir því að B væri í uppnámi en ekki skilið af hverju og ekki talið sig hafa gert henni neitt til miska. Hann hafi farið fram í stofu, sest þar í sófa og velt þessu fyrir sér en sofnað þar aftur, enda í engu ástandi til heimferðar.

Er hann hafi vaknað um morguninn hafi hann notað salerni á ganginum og síðan yfirgefið húsið. Hann hafi gert ráð fyrir því að B væri sofandi enda ekki heyrt neitt í henni. Það hafi ekki verið runnið af honum á þessum tímapunkti og hann því lagst aftur til svefns er heim var komið. Er hann vaknaði aftur hafi hann ítrekað ekið fram hjá húsi B í því skyni að reyna að ræða málið við hana, en ekki hafi til þess komið þar sem allan daginn virst vera gestir hjá henni. Næstu daga eða vikur hafi honum liðið eða eins og hann hefði framið glæp, enda hafi honum hafi verið ljóst að henni liði illa og honum hafi þótt það miður. Hann hafi farið fram á það í gegnum þriðja aðila að fá að hitta hana og hreinsa andrúmsloftið en fengið þau boð að af því gæti ekki orðið í bráð.

Ákærði kvaðst ekki minnst þess að hafa, eftir að hann fór inn í svefnherbergi B, farið út úr herberginu og aftur þangað inn og sagðist ekki kunna neinar skýringar á þeim framburði B.

Ákærði kvaðst ekki hafa upplifað aðstæðurnar sem kynferðislegar þegar atburður þessi átti sér stað, enda ekki haft neinn slíkan ásetning, en eftir á að hyggja hafi hann áttað sig á að líta mætti svo á. Aðspurður hvort strokur hans og blíðuhót gætu hafa verið af einhverjum öðrum hvötum en kynferðislegum sagðist ákærði ekki geta svarað því, en hann hafi ekki haft neinn ásetning til slíks.

Framburður ákærða fyrir dómi er í öllum aðalatriðum í samræmi við skýrslu sem hann gaf hjá lögreglu vegna málsins 27. maí 2011. Þó er blæbrigðamunur á svörum hans hjá lögreglu og fyrir dómi að tvennu leyti. Er framburður brotþola um að hann hefði strokið henni utan fata um læri, rass, maga og bak var borinn undir ákærða hjá lögreglu urðu svör hans ekki skilin öðru vísi en svo að hann myndi eftir því, en fyrir dómi svaraði hann á þá leið að hann drægi ekki þessa lýsingu brotþola í efa, enda þótt hann myndi ekki sérstaklega hvar hann hefði strokið henni. Þá bar ákærði við skýrslugjöf hjá lögreglu um að hafa ýtt við B og farið að spjalla við hana „af því að hann hafi verið í partí og þau að skemmta sér saman“ en fyrir dómi voru svör hans á þá leið að hann hafi viljað kanna hvernig henni liði í framhaldi af trúnaðarsamtali sem þau hefðu átt fyrr um nóttina.

Í framburði ákærða hjá lögreglu kom fram að ástæða þess að hann hafi notað salerni inn af svefnherbergi B um nóttina sé sú að honum hafi ekki tekist að kveikja ljós á salerni því sem sé frammi á ganginum.

Brotapoli, *B*, gaf skýrslu fyrir dómi. Hún kvaðst þekkja ákærða ágætlega sem [...] og þau hafi átt ágæt samskipti í gegnum tíðina. Umrætt kvöld hafi hún farið ásamt vinkonum á skemmtistað, þar sem hún hafi m.a. hitt ákærða og dansað og spjallað við hann ásamt fleirum. Aðspurð hvort hún hafi rætt það við ákærða að henni og sambýlismanni hennar hafi orðið sundurorða þennan dag, kvaðst hún ekki minnst þess að þau hafi rætt nein persónuleg mál en ekki geta útilokað það.

Við lokun skemmtistaðarins hafi hún boðið tveimur vinkonum sínum, auk ákærða og félaga hans með sér heim. Öll hafi verið undir áhrifum áfengis en enginn ofurölvi. Hún hafi verið búin að drekka hvítvínsglas og skot áður en hún fór á [...], og drukkið bjór og skot þar, en ekki fundist hún mjög ölvuð er hún gekk heim. Er heim var komið, um kl. 3:00-3:40, hafi hún opnað vínskáp og boðið fólki að fá sér úr honum og hafi allir þegið það. Vinkonur hennar, *D* og *E*, hafi setið í eldhúsinu en ákærði og *C* setið í stofunni, meðan hún hafi útbúið pizzu og boðið fólkinu. Hún hafi ekki verið í neinum samskiptum við ákærða umfram aðra eftir að heim var komið. Aðspurð kvað hún aldrei neitt kynferðislegt hafa verið á milli þeirra ákærða og að ekkert í samskiptum þeirra um nóttina eða fyrr hafi getað gefið honum tilefni til að ætla eitthvað slíkt.

Eftir að pizzan hafði verið snædd, líklega milli kl. 4 og 5 um nóttina, hafi hún farið inn í svefnherbergi sitt og reynt að hringja í sambýlismann sinn en ekki fengið neitt svar. Hún hafi fengið einhverja ónotatilfinningu vegna þessa og tekið eina töflu af kvíðastillandi lyfi sem hún sé von að taka eftir þörfum. Yfirleitt taki hún hálfu töflu og hún hafi aldrei tekið lyfið saman við áfengi. Hún hafi lagst alklædd í rúm sitt og skoðað færð á vef Vegagerðarinnar í farsíma sínum og taldi sig hafa sofnað þar innan fárra mínútna.

Það næsta sem hún muni sé að hún hafi orðið vör við snertingu og strokur aftan á baki og læri. Nánar aðspurð um snertinguna kvað hún þetta hafa verið káf, það hafi verið strokið utan á fötum en líka farið undir kjól hennar en höndin stoppað á belti sem hún hafi haft um sig miðja. Strokið hafi verið um bak, læri, rass og maga hennar.

Hún hafi verið nokkra stund að átta sig á því hvað væri að gerast og orðið ofboðslega hrædd og stjörf. Hún hafi legið á þeim helmingi rúmsins sem nær sé baðherbergi sem liggja inn af svefnherberginu, snúið í átt frá baðherberginu að miðju rúmsins og legið hálfpartinn á hliðinni og hálfpartinn á maganum ofan á rúmfötum. Hún kvaðst ekki hafa opnað augun, en umlað og yppt öxlinni og við það hafi strokurnar hætt. Ekkert hafi verið sagt af hálfu hvorugs þeirra. Hún hafi vaknað alveg við þetta og strax áttað sig á að um ákærða væri að ræða af lyktinni af honum og þungum andardrætti sem hún þekkti. Hann hafi ekki legið í rúminu hjá henni í þetta skiptið heldur staðið eða kropsið við hlið rúmsins. Þetta hafi staðið stutt yfir og hún hafi heyrt hann yfirgefa herbergið. Þá hafi hún skriðið undir sængina og rúmteppið og sofnað aftur.

Einhverju síðar hafi hún vaknað við að ákærði hafi lyft sænginni af henni og lagst upp í rúmið hjá henni. Hún hafi legið í sömu stellingu og fyrr, á vinstri hlið með annan fótinn aðeins fram fyrir hinn og þannig snúið aðeins yfir á magann. Ákærði hafi lagst þétt upp við bak hennar. Hann hafi aftur farið að strjúka henni og káfa á henni, yfir læri og rass. Strokurnar hafi ekki bara verið fram og til baka

heldur hafi henni fundist hann vera að reyna að átta sig á fatnaði hennar og kanna aðstæður, en hún hafi verið klædd í samfellu hnepptri í klofinu innst fata, sokkabuxum og síðerma kjól með breitt belti um sig miðja. Hann hafi síðan rennt hendinni eftir mjöðm hennar, ofan í sokkabuxur hennar og undir samfelluna, inn á kynfæri hennar. Þetta hafi gerst í einni hreyfingu. Aðspurð sagðist hún algjörlega sannfærð um að hann hafi farið með höndina inn á kynfæri hennar og kvað það ekki hafa verið neinum vandkvæðum bundið sökum klæðnaðar hennar eða stellingar.

Henni hafi þá fundist eins og hún hefði verið slegin í höfuðið, stokkið upp úr rúminu og öskrað af öllum lífs og sálar kröftum. Hún hafi síðan rokið út úr herberginu, yfir í barnaherbergi sem sé andspænis svefnherberginu og tekið hund sinn með. Þar hafi hún setið í rúmi en sofnað aftur. Er hún hafi vaknað morguninn eftir hafi hún farið fram og séð ákærða sofa í sófa í stofunni. Hún hafi fyllst hræðslu, farið inn í svefnherbergi sitt þar sem sími hennar var, lokað hurðinni og dregið skúffu úr fataskáp fyrir hana, en ekki sé hægt að læsa hurðinni. Stuttu síðar hafi hún heyrt ákærða yfirgefa húsið. Hún hafi þá hringt í sambýlismann sinn, sem og barnsföður sinn og vinkonu sína.

B kvaðst fullviss um að ákærði hafi komið að henni í tvö skipti. Snertingin hafi staðið yfir í nokkrar mínútur í hvort skiptið. Hún kvaðst viss um að hvorugt þeirra hafi sagt nokkuð og hann hafi ekki spurt hvort hann mætti leggjast upp í rúmið hjá henni. Þá kvaðst hún fullviss um að hafa ekki oltið úr rúminu á gólfíð.

Aðspurð um ástand sitt og minni og þann framburð hennar hjá lögreglu að áhrif lyfsins hafi verið mun meiri en venjulega, kvað B að henni hafi fundist hún mjög vel vakandi „í höfðinu“ en fundist hún ekki geta gert neitt. Þetta hafi þó ekki verið sú tilfinning að þyngsli væru í útlimum heldur hafi henni fundist hún frosin, eins og hún gæti ekkert gert. Hún hafi spurt sig eftir atburðinn hvers vegna hún hafi upplifað þessa tilfinningu sem hún kannaðist ekki við að hafa fundið áður undir áhrifum lyfsins. Hún hafi þó ekki fundið þessi áhrif þegar hún stökk á fætur. Hún kvaðst sannfærð um að áhrif lyfsins og áfengisins hafi ekki orðið til þess að afbaka skynjun hennar af atburðinum og ekki lengur rekja magnleysistilfinningu þá sem hún upplifði til áhrifa þeirra.

Aðspurð upplýsti B að hún hafi [...], en hafnaði því að þau atvik gætu hafa skekkt mynd hennar af því sem gerst hefði umrætt sinn.

Aðspurð um líðan meðan á atburði þessum stóð kvaðst B hafa verið ofboðslega hrædd. Hún hafi ekki fyrr haft neina ástæðu til að óttast ákærða. Hún lýsti líðan sinni eftir atburðinn og kvaðst í fyrstu hafa fundist hún sjálf og allt heimili sitt skítugt, en síðan fundið fyrir reiði og tilfinningadoða. Hún hafi rætt við áfallateymi á [...] í eitt skipti skömmu eftir atburðinn, en ekki leitað sér annarrar aðstoðar. Hún hafi lengi eftir atburðinn upplifað sig hrædda og óörugga, m.a. óttast að vera ein heima með ólæstar dyr. Hún hafi einnig óttast að hitta ákærða og því forðast að vera á almannaferi.

B gaf tvívegis skýrslu hjá lögreglu, þann 23. og 31. maí 2011. Framburður hennar fyrir dómi er í fullu samræmi við framburð hennar hjá lögreglu.

C gaf skýrslu fyrir dómi og kvaðst lítið muna eftir atburðum sökum ölvunar. Hann kvaðst minnst þess að hafa verið að skemmta sér á [...] ásamt ákærða og fleirum og dansað, m.a. við B. Síðan hafi verið farið í party til B eftir lokun [...] og hann snætt þar pizzu og drukkið áfengi. Ölvunarástand ákærða hafi sennilega verið svipað og hans. Hann kvaðst ekkert geta sagt til um ölvunarástand B. Hann kvaðst minnst þess að hafa setið í sófa að sumbli með ákærða. Þeir hafi verið með flösku af koníaki hjá sér og auk þess hafi hann drukkið bjór. Þeir ákærði hafi verið búnir að ákveða það snemma um kvöldið að drekka saman. B hafi á einhverjum tímamarki setið í sófa á móti þeim. Aðspurður hvort hann hafi orðið var við einhvern samdrátt milli ákærða og B, kvaðst vitnið ekki minnst þess, hann hafi tekið því svo að þau væru kunningjar eða vinir.

C kvaðst ekki muna glögg hvort ákærði hafi verið vakandi eða sofandi er hann fór heim, en þó telja að hann hafi kvatt ákærða og að þeir hafi þá aðeins verið tveir eftir. Hann taldi rétt eftir sér haft í lögregluskýrslu að hann hafi verið kominn heim um hálfsex að morgni en það taki um 10-15 mínútur að ganga heim til hans frá heimili B. Aðspurður kvaðst hann ráma í að það hafi verið eitthvert bras að kveikja ljós á baðherbergi á ganginum heima hjá B.

F gaf skýrslu fyrir dómi og kvaðst hafa verið með [...] B á [...] fram eftir nóttu en ekki farið með heim til hennar að því loknu. Á [...] hafi þær vinkonurnar dansað og skemmt sér og ákærði verið þarna ásamt vini sínum. Hún kvaðst ekki hafa orðið vör við neinn samdrátt milli B og ákærða á [...]. Morguninn eftir hafi B hringt til hennar og verið í mjög miklu uppnámi. Hún hafi farið heim til B, sem skýrt hafi frá því að ákærði hafi leitað á hana þar sem hún svaf í rúmi sínu. Hún hafi sagst hafa vaknað við að ákærði káfaði á henni þar sem hún var milli svefns og vöku, en hann hafi farið fram og hún sofnað aftur. Síðar hafi hann komið aftur og káfað á henni og hún þá náð að spretta fram úr, sótt hundinn sinn og lokað sig inni í herbergi barns síns. B hafi verið í áfalli og grátið er hún hafi sagt vitninu frá þessu. Hún kvaðst nán vinkona B og kvað hana hafa verið lengi að jafna sig en að henni virtist líða mun betur í dag en skömmu eftir atburðinn.

E gaf skýrslu fyrir dómi. Hún kvaðst hafa verið ölvuð en ekki þannig að hún myndi ekki atburði, þótt hún myndi kannski ekki öll smáatriði. Hún kvaðst ekki hafa orðið vör við að neinn samdráttur væri milli ákærða og B, hvorki á [...] né heima hjá B er þangað var komið. B hafi verið undir áhrifum áfengis en alls ekki áberandi ölvuð. Hún kvaðst ekki þekkja ákærða til að geta metið ölvunarástand hans, en hann hafi a.m.k. ekki verið svo ölvuður að vandræði hlytust af.

Vitnið kvaðst hafa verið að spjalla við vinkonu sína heima hjá B, fyrst í eldhúsinu en síðan á baðherbergi á neðri hæð hússins. Ákærði hafi setið í stofunni. Er hún og vinkona hennar hafi verið að yfirgefa húsið, eftir að hafa sótt yfirhafnir sínar á efri hæð hússins, hafi hún séð ákærða koma út úr svefnherbergi B. Hann hafi verið fullklæddur en verið að fitla eitthvað við belti sitt eða buxnastræng. Henni hafi virst hann vera á leið að baðherbergi sem sé á ganginum en þó ekki séð hann fara þar inn því hún hafi verið að ganga niður tröppur í anddyri hússins. Henni hafi þótt þetta undarlegt en samt haldið áfram leið sinni út úr húsinu. Daginn eftir hafi B hringt í hana og skýrt henni frá því að ákærði hafi leitað á sig. Hún hafi virst róleg og ekki rætt atburðinn í smáatriðum, en hringt til þess að upplýsa hana um til þess gæti komið að lögregla myndi óska eftir því að hún gæfi skýrslu í málinu.

Aðspurð kvaðst E ekki hafa heyrt neinn umgang á efri hæð hússins er hún hafi verið að ræða við vinkonu sína á neðri hæðinni. Þær vinkonurnar hafi gengið heim snemma morguns og kvaðst vitnið telja rétt eftir sér haft í lögregluskýrslu að það gæti hafa verið rétt eftir kl. 6. Vitnið kvað þær B vera kunningja frekar en nánar vinkonur.

D gaf skýrslu fyrir dómi og kvaðst hafa verið ásamt B að skemmta sér á [...] umrætt kvöld og hafa farið heim til hennar er [...] var lokað. Ákærði hafi verið þarna á [...]. Hún hafi ekki orðið vör við neinn samdrátt milli hans og B. Er heim til B hafi verið komið hafi þær E spjallað í eldhúsinu, en síðan farið niður á neðri hæð hússins til að ræða saman í trúnaði. Vitnið kvaðst hafa verið frekar ölvuð, en B hafi ekki virst mjög ölvuð að hennar álitni. Hún kvaðst lítið þekkja ákærða en hann hafi ekki virst óeðlilega drukinn. Er þær E hafi yfirgefið húsið hafi hún ekki séð neinn á ferli í húsinu, hvorki B, ákærða né neinn annan. Þá hafi verið komið fram undir morgun og kvaðst vitnið telja rétt eftir sér haft í lögregluskýrslu að þetta gæti hafa verið um sexleytið að morgni. Daginn eftir hafi hún frétt af atburðinum frá vinkonu sinni, en B hafi fljótlega eftir það sagt henni sjálf frá atburðinum. Hún hafi lýst atburðinum svo að hún hafi verið í rúmi sínu er ákærði hafi komið og káfað á henni. B hafi verið í miklu uppnámi og liðið mjög illa er hún skýrði vitninu frá þessu.

Vitnin C, E og D gáfu öll skýrslur við rannsókn málsins og eru framburðir þeirra fyrir dómi í samræmi framburð þeirra hjá lögreglu.

Magnús Jóhannsson, læknir og sérfræðingur í lyfjum og prófessor við læknadeild Háskóla Íslands, sem dómkvaddur var sem matsmaður, gaf skýrslu fyrir dómi. Hann kvað lyfið Alprazolam Mylan vera notað bæði sem svefnlyf og kvíðastillandi lyf og áhrif þess séu slævandi og róandi. Lyfið hægi á viðbrögðum fólks og sé það notað með áfengi verði áhrif lyfsins sterkari, en eðli áhrifanna breytist ekki. Áhrif séu í hámarki um 1-1,5 klukkustund eftir inntöku lyfsins og hann hafi gengið út frá því við mat sitt að áhrif lyfsins á B hafi verið í hámarki þegar umræddir atburðir hafi átt sér stað.

Magnús staðfesti það sem fram kemur í matsgerð hans að hann telji enga ástæðu til að ætla að það magn lyfsins og áfengis sem B segðist hafa innbyrt hafi haft áhrif á upplifun hennar af atburðum og framburð hennar í málinu. Sá skammtur sem B segðist hafa tekið, 0,5 mg, sé ekki stór, en algengur skammtur sé 1 mg í senn þrisvar á dag við kvíða. Hún segðist auk þess von lyfinu og þekkti því áhrif þess. Ofskynjanir væru afar sjaldgæfar aukaverkanir lyfsins og B væri ekki í þekktum áhættuhóp fyrir þær aukaverkanir. Þá sé minnisleysi yfirleitt fyrsta einkenni ofskömmtnar en frásögn B bendi ekki til þess að hún hafi orðið fyrir minnisskerðingu. Hann hafi farið yfir erlendar rannsóknir um það hvort áhrif lyfsins geti verið ranghugmyndir eða ofskynjanir, en í þeim tilvikum sem hafi verið til rannsóknar hafi verið um mun stærri lyfjaskammta að ræða.

Vitnið kvaðst ekki telja að áhrif lyfsins hafi verið svo mikil að það skýri hvers vegna B hafi ekki fundist hún getað aðhafst neitt, því ef svo hefði verið hefði hún ekki getað hrist þau áhrif af sér og stokkið upp úr rúminu. Hræðsla sé líklegri skýring að mati vitnisins, en áhrif lyfsins léttvæg í því sambandi.

Vitnið kvaðst hafa tekið tillit til þess við matgerð sína að vitni vanmeti oft magn áfengis sem það hafi drukkið.

G, hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir, gaf skýrslu fyrir dómi og staðfesti vottorð sitt sem liggur fyrir í málinu. Hún kvaðst hafa ásamt öðrum hjúkrunarfræðingi átt eitt viðtal við B þriðjudaginn 24. maí 2011. Viðtalið hafi staðið í u.þ.b. tvær og hálf klukkustund. B hafi sýnt dæmigerð streitviðbrögð í viðtalinu. Hún hafi verið föll, sveitt, stressuð og iðað. Hún hafi fellt tár, en harkað af sér og komið vitninu fyrir sjónir sem hún reyndi að fjarlægjast tilfinningar sínar. Þessi viðbrögð samræmist að mati vitnisins því að hún hafi orðið fyrir áfalli skömmu fyrir viðtalið.

Vitnið kvaðst hafa starfað innan áfallateymis [...] í eitt ár og fengið sérstaka fræðslu á sviði áfallahjálpar frá öðrum meðlimum teymisins, sem sótt hafi sína fræðslu til utanaðkomandi aðila, s.s. Rauða krossins, en auk þess sé fræðsla um áfallahjálpar hluti af menntun hennar sem hjúkrunarfræðings.

Vitnið greindi frá því að B hafi lýst atburðinum nokkuð nákvæmlega en hún hafi ekki skráð hjá sér frásögn hennar. B hafi nefnt að áfengi hafi verið haft um hönd og jafnframt að hún hafi tekið inn kvíðastillandi lyf. Hún hafi sagst eiga við kvíða að etja, en ekki lýst því nánar. Samkvæmt minni vitnisins hafi B lýst kynferðislegri árás en ekki nauðgun. Nánar tiltekið hafi B lýst því að maður hafi komið að henni þar sem hún lá í rúmi sínu og að hún hafi í fyrstu „frosið“ en síðan flúið í annað herbergi. Það að „frjósa“ séu ekki óalgeng viðbrögð þolenda við streituvaldandi aðstæður. Vitnið kvað B á engan hátt hafa verið leidda áfram með spurningum í viðtalinu og henni hafi verið frjálst hvort hún segði frá atburðinum eða sleppti því.

IV

Ákærða er gefin að sök kynferðisleg áreitni, en til vara brot gegn blygðunarsemi, með því að hafa umrætt sinn farið inn í svefnherbergi B, þar sem hún lá í rúmi sínu, strokið fætur hennar, maga, rass og bak utan klæða og nokkru síðar káfað á kynfærum hennar innanklæða. Er brot ákærða aðallega talið varða við 199. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara við 209. gr. sömu laga.

Fyrir dómi kvaðst ákærði ekki draga í efa að hann hafi strokið um fætur, maga, rass og bak B utan klæða, líkt og greinir í ákæru, enda þótt hann segðist ekki minnast þessa glögggt, en að hann neitaði engu að síður sök þar sem hann teldi ekki að um kynferðislega áreitni eða blygðunarsemisbrot hafi verið að ræða. Ákærði neitaði því alfarið að hafa snert bert hörund eða kynfæri B innan klæða. Af hálfu ákærða er á því byggt að saknæmisskilyrði 199. gr., sbr. 18. gr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940 séu ekki uppfyllt þar sem hann hafi ekki haft ásetning til kynferðislegra athafna, auk þess sem hann hafi talið B samþykkja veru hans í rúminu hjá henni.

Um atburði í svefnherbergi B eru ekki aðrir til frásagnar en hún og ákærði. Utan þess sem framburðum þeirra ber ekki saman um það hvort ákærði hafi rennt

hönd undir fatnað inn á kynfæri hennar stangast framburðir þeirra á í nokkrum atriðum, t.d. um það hvort þeirra hafi legið nær rúmbríkinni, hvort B hafi oltið fram úr rúminu og lagst upp í það aftur, hvort eitthvað hafi verið sagt í herberginu af hálfu annars hvors þeirra, þ. á m. hvort B hafi samþykkt að ákærði legðist upp í rúm hjá henni og hvort ákærði hafi farið fram úr herberginu og komið aftur eða hvort um samfellda atburðarrás hafi verið að ræða. Um þessi atriði nýtur ekki við gagna sem stutt geta framburð annars hvors þeirra. Vitnið E bar þó um að hafa séð ákærða koma út úr svefnherbergi B er hún var að yfirgefa húsið þegar komið var fram undir morgun, en vitnið D sem yfirgaf húsið á sama tíma bar ekki um að hafa orðið vitni að þessu. Þær E og D kváðust ekki hafa orðið varar við neinn umgang eða læti á efri hæðinni meðan þær áttu í trúnaðarsamtali á baðherbergi á neðri hæð hússins, sem ætla mætti að þær hefðu orðið varar við ef B hefði flúið út úr svefnherbergi sínu með hurðaskellum, meðan þær voru enn í húsinu. Þótt þessi framburður E kunni að veita stoð fyrir þeirri frásögn B að ákærði hafi farið út úr herberginu og komið aftur er þessi framburður ekki studdur öðrum gögnum málsins og verður því ekki til hans litið við mat á trúverðugleika framburða ákærða og B.

Framburður ákærða fyrir dómi samræmdist í öllum aðalatriðum skýrslu sem hann gaf hjá lögreglu. Þó var nokkur blæbrigðamunur á framburði hans hvað tvö atriði varðar, eins og rakið var hér fyrr í tengslum við frásögn af framburði ákærða. Þá gaf sú lýsing sem ákærði gaf í fyrstu, bæði fyrir dómi og hjá lögreglu, að hann hafi „spjallað“ við B, til kynna að álitni dómsins að um samræður milli þeirra hafi verið að ræða sem B hafi tekið virkan þátt í. Þegar nánar var eftir því gengið fyrir dómi hvað farið hefði þeim á milli var lýsing hans á nokkuð annan veg. Þá hefur ákærði borið um að hafa drukkið töluvert magn áfengis, bæði á [...] og á heimili B og að hafa verið orðinn mjög ölvaður og líklega búinn að sofna í stofusófanum, áður en hann fór inn í svefnherbergi hennar. Hann ber sjálfur um að minni hans um atburði sé gloppótt og bar framburður hans fyrir dómi þess skýr merki að álitni dómsins. Til alls framanritaðs verður að líta við mat á framburði hans.

Framburður B fyrir dómi um atburði í svefnherberginu var skýr og trúverðugur að mati dómsins og í fullu samræmi við framburð hennar hjá lögreglu. Ekkert í framburði vitna bendir til þess að hún hafi verið sérlega ölvuð er hún dró sig í hlé inn í svefnherbergi sitt, eftir að hafa útbúið og boðið gestum sínum upp á pizzu. Er ekkert fram komið sem varpað getur rýrð á þann framburð hennar að hún muni vel eftir atburðum, enda þótt hún hafi neytt áfengis fyrr um nóttina, tekið kvíðastillandi lyf og verið sofandi er þeir atburðir hófust sem lýst er í ákæru. Er að álitni dómsins ekkert fram komið sem varpað getur rýrð á það mat dómkvadds matsmanns að engin ástæða sé til að ætla að áfengisneysla B samhliða inntöku hennar á 0,5 mg af lyfinu Alprazolam Mylan hafi haft áhrif á skynjun hennar og upplifun af atburðinum.

Ákærða og B ber saman um að enginn samdráttur hafi verið á milli þeirra, hvorki umrædda nótt né fyrr. Samræmist það framburði vitna sem með þeim voru á [...] og heimili B umrædda nótt.

Að álitni dómsins getur sú háttsemi sem ákærði viðurkennir, þ.e. að hafa strokið um fætur, maga, rass og bak B utan klæða, við þær aðstæður sem hún fór fram, í svefnherbergi konunnar þar sem hún hafði lagst til svefns og ákærði lagst upp í rúmið við hlið hennar, hlutlægt séð ekki hafa skýrst af öðrum hvötum en

kynferðislegum. Sú viðbára ákærða, að háttsemin hafi skýrst af umhyggju hans fyrir henni í framhaldi af trúnaðarsamtali er að álitu dómsins í engu samræmi við háttsemina og því einfaldlega ekki trúverðug.

Ákærði ber því við að hann hafi talið sig hafa samþykki hennar fyrir veru sinni í rúminu, enda hafi hún játað beiðni hans um að fá að leggjast hjá henni. Jafnvel þótt sá framburður ákærða yrði lagður til grundvallar verður ekki hjá því lítið að hann hefur borið um að hún hafi legið þarna hreyfingarlaus, með lokuð augun og engin viðbrögð sýnt er hann kom inn í herbergið. Þá hefur ákærði lítið sem ekkert getað borið um atburði eftir að hann lagðist við hlið B, utan þess sem hann kvaðst minnst þess að hún hafi á einhverjum tímapunkti oltið á gólfid en um það standa orð hans gegn orðum hennar. Framburður B, vitna og ákærða sjálfs er allur á einn veg um að enginn samdráttur hafi verið á milli þeirra þetta kvöld. Verður því ekki séð að ákærði hafi með neinum rétti mátt telja sig hafa samþykki hennar fyrir því að hann snerti líkama hennar. Framburður ákærða sjálfs um að hafa áttað sig á því er B rauk á dyr að eitthvað hefði gerst sem hefði sært hana styður einnig að álitu dómsins þá niðurstöðu að hann hafi brotið gegn henni og mátt vera það ljóst.

Eins og fyrir sagði neitar ákærði að hafa káfað á kynfærum B innanklæða, líkt og greinir í ákæru. Eins og snertingu þessari hefur verið lýst af hálfu B var ekki um langvarandi snertingu að ræða heldur kvað hún ákærða hafa rennt hendinni í einni samfelldri hreyfingu ofan í streng á leggings-sokkabuxum sem hún klæddist og inn fyrir samfellu við hægri mjöðm hennar og þaðan inn á kynfæri hennar. Við það hafi henni fundist eins og slegið væri í höfuðið á henni, hún hafi rokið á fætur, öskrað eitthvað og flúið út úr herberginu. Í málinu nýtur ekki við annarra upplýsinga um fatnað B en lýsingar hennar sjálfar, en ekkert í framburði hennar um fatnaðinn og stellingu hennar í rúminu bendir til þess að lýsing hennar á snertingu ákærða fái ekki staðist. Ákærði ber við algjöru minnisleysi um atburði rétt áður en B rauk á fætur, en kvaðst fyrir dómi reikna með að hann hafi haldið utan um hana og verið að „láta vel að henni“. Framburður ákærða, sem er í fullu samræmi við framburð B sjálfar, um að hún hafi rokið á fætur og gefið frá sér hljóð, áður en hún rauk á dyr og yfir í annað herbergi með hurðaskellum, styður að álitu dómsins að eitthvað hafi þá gerst sem gefið hafi henni tilefni til slíkra viðbragða. Framburður B um að þessi snerting hafi orðið til þess að rjúfa vanmáttartilfinningu hennar sem staðið hafi yfir frá því að hún vaknaði við þær strokur sem ákærði viðurkennir, er trúverðugur að mati dómsins og engin sennilegri skýring fram komin sem skýrt getur þessi viðbrögð hennar. Eins og fyrir kom fram þykir með mati dómkvaddis matsmanns leitt í ljós að engin ástæða sé til að ætla að áfengis- og lyfjaneysla hennar umrædda nótt hafi haft önnur áhrif en slævandi, þ.e. engin áhrif á upplifun hennar og endurminningar. Þá er að álitu dómsins engin ástæða til að ætla að [...] hafi haft áhrif á upplifun hennar og framburð um þann atburð sem hér er til umfjöllunar.

B tilkynnti lögreglu samdægurs um kynferðisbrot ákærða og lagði fram kæru á hendur honum daginn eftir. Frásögn hennar frá atburðum, sem fyrst er rakin í frumskýrslu lögreglu, hefur frá upphafi verið á sama veg um meðal annars það atriði að ákærði hafi strokið hönd inn á kynfæri hennar. Framburður hennar fékk einnig stoð í framburðum vinkvenna hennar fyrir dómi sem báru um frásögn hennar og andlegt ástand eftir umrædda nótt. Þá liggur fyrir að hún leitaði sér aðstoðar hjá neyðarteymi vegna áfalla hjá [...] að tveimur dögum liðnum og hefur hjúkrunarfræðingur sem tók á móti henni borið fyrir dómi um að hún hafi þá verið

haldin augljósum streitueinkennum.

Í ljósi alls framanritaðs og í ljósi framburðar ákærða um algjört minnisleysi um atburði rétt áður en B stökk á fætur, telur dómurinn ekki varhugavert að leggja framburð B til grundvallar og telja hafið yfir skynsamlegan vafa, þrátt fyrir neitun ákærða, að ákærði hafi rennt hönd inn fyrir fatnað hennar og strokið inn á kynfæri hennar.

Samkvæmt framanrituðu þykir sannað að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem greinir í ákæru, þó þannig að ósannað telst að hann hafi „káfað“ á kynfærum hennar líkt og greinir í ákæru, heldur hafi verið um eina skammvinna stroku inn á kynfæri hennar að ræða.

Samkvæmt 199. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, eins og því ákvæði var breytt með lögum nr. 61/2007, felst kynferðisleg áreitni m.a. í því að strjúka, þukla eða káfa á kynfærum eða brjóstum annars manns innan klæða sem utan og ennfremur í táknrænni hegðun eða orðbragði sem er mjög meiðandi, ítrekað eða til þess fallið að valda ótta. Athafnir þessar eru ekki tæmandi taldar heldur einungis í dæmaskyni, líkt og ráðið verður af orðalagi ákvæðisins sjálfs. Í athugasemdum með þeirri grein frumvarps þess sem varð að lögum nr. 61/2007, sem breytti 199. gr. almennra hegningarlaga, kemur fram að kynferðisleg áreitni sé háttsemi kynferðislegs eðlis sem hvorki teljist samræði né önnur kynferðismök. Hún felist í hvers konar snertingu á líkama annarrar manneskju sem sé andstæð góðum siðum og samskiptaháttum. Um neðri mörk kynferðislegrar áreitni, þ.e. gagnvart brotum gegn blygðunarsemi, segir í athugasemdunum að sé um líkamlega snertingu að ræða sé háttsemin kynferðisleg áreitni, en jafnframt sé í frumvarpinu gert ráð fyrir að neðri mörk hugtaksins kynferðislegrar áreitni verði rýmkuð þannig að hugtakið verði ekki afmarkað við líkamlega snertingu heldur geti einnig fallið undir það orðbragð og táknræn hegðum, líkt og nánar er útlistað í athugasemdunum.

Að áliti dómsins verður sú háttsemi ákærða sem sönnuð þykir í málinu, jafnt sú háttsemi að strjúka B utanklæða um fætur, maga, rass og bak utan klæða, við þær aðstæður sem hún fór fram, sem og sú háttsemi að strjúka kynfæri hennar innanklæða, að teljast kynferðisleg áreitni í skilningi 199. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Telst brot ákærða því réttilega heimfært til þeirrar lagagreinar í ákæru og kemur varakrafa ákæruvaldsins um heimfærslu háttseminnar til 209. gr. sömu laga því ekki til umfjöllunar.

Samkvæmt framlögðu sakavottorði hefur ákærði ekki áður gerst sekur um refsiverð brot. Ekki þykir ástæða til að draga í efa þá skýringu ákærða að hann hafi lagt leið sína inn í svefnherbergi B til þess að nota salerni þar, og verður við ákvörðun refsingar hans miðað við að ásetningur hans til háttseminnar hafi ekki kviknað fyrr en inn í svefnherbergið var komið, sbr. 6. tölul. 1 mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Með hliðsjón af framangreindu og þeirri háttsemi sem ákærði er hér sakfelldur fyrir þykir refsing hans hæfilega ákveðin þriggja mánaða fangelsi. Með hliðsjón af hreinum sakaferli ákærða þykir rétt að fresta fullnustu refsingarinnar og fellur hún niður að liðnum tveimur árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með síðari breytingum.

Með hliðsjón af úrslitum málsins verður ákærði dæmdur til að greiða allan sakarkostnað. Samkvæmt yfirliti ákæruvaldsins nam kostnaður af matsgerð

dómkvadds matsmanns 127.764 krónum. Auk þeirrar fjárhæðar verður ákærði dæmdur til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Bjarna G. Björgvinssonar hrl., vegna vinnu hans fyrir dómi og sem tilnefndur verjandi við rannsókn málsins hjá lögreglu, sem þykja hæfilega ákveðin í einu lagi 577.300 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti. Þá verður ákærði dæmdur til að greiða kostnað af réttargæslu brotaþola. Þóknun skipaðs réttargæslumanns brotaþola, Guðbjarna Eggertssonar hdl., sem jafnframt var tilnefndur réttargæslumaður hennar við rannsókn málsins, þykir hæfilega ákveðin í einu lagi 188.250 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti, en auk þess nemur útlagður kostnaður réttargæslumannsins vegna flugs 29.450 krónum. Alls verður ákærði því dæmdur til að greiða 922.764 krónur í sakarkostnað.

Dómur þessi er kveðinn upp af Hildi Briem héraðsdómara sem dómsformanni, ásamt meðdómsmönnum Ásmundi Helgasyni héraðsdómara og Ingiríði Lúðvíksdóttur settum héraðsdómara, kl. 15:00 fimmtudaginn 9. febrúar 2012 í dómsal Héraðsdóms Austurlands að Lyngási 15, Egilsstöðum.

Dómsorð:

Ákærði, A, sæti fangelsi í 3 mánuði, en fullnustu refsingarinnar er frestað og fellur hún niður að liðnum tveimur árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði sakarkostnað að fjárhæð 922.764 krónur, en þar af nema málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Bjarna G. Björgvinssonar hrl., 577.300 krónum og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotaþola, Guðbjarna Eggertssonar hdl., 188.250 krónum, hvort tveggja með virðisaukaskatti og útlagður kostnaður réttargæslumannsins 29.450 krónur.

Hildur Briem

Ásmundur Helgason

Ingiríður Lúðvíksdóttir